

Ed.

301. Frumvarp

til laga um ráðstafanir, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs, jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu, sem því geti stafað af ófriði stórvelda í Norðurálfu.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum, sbr. þó 4. lið.
3. Að taka enn fremur alt að 500 þúsund króna lán til slíkra kaupa.
4. Að stöðva fjárgreiðslur þær, sem taldar eru í fjárlögnum fyrir árin 1914 og 1915 í 13. grein, B. II—XVIII, svo og allar lánveitingar úr viðlagasjóði, er heimilaðar eru í fyrgreindum fjárlögum, þó svo að eigi komi í bága við þegar gjörða samninga og ráðstafanir um verk eða loforð um lánveitingar á þessu ári.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt, að leggja bann að einhverju leyti eða

öllu við útflutningi eða sölu úr landi á öllum aðfluttum nauðsynjavörum, svo sem matvælum, veiðarfærum, salti, kolum o. s. frv., ef slík ráðstöfun skyldi reynast nauðsynleg vegna yfirvofandi eða hafins Norðurálfu-ófriðar. — Þó má eigi meina skipum að taka hér kol eða aðrar birgðir, er þeim eru nauðsynlegar, til þess að komast heim til sín.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni, að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef aðflutningur til landsins af útlendum matvörum heftist svo, að til voða horfi fyrir landsmenn.

Heimilt er stjórninni enn fremur að ákveða í reglugerð refsingar fyrir brot gegn þessari grein.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, og hvernig skuli selja þær.

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum eða framleiðendum, enda komi fult endurgjald fyrir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda þar til næsta Alþingi kemur saman.